

Umsögn vegna frumvarps til laga

Um breytingu á lögum um stimpilgjald nr. 138/2013 (afnám stimpilgjalds af skjölum varðandi eignayfirfærslu skipa). Þingskjal 354 b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.. Stjórnarfrumvarp.

Úr greinargerð


2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar þeirrar almennu umræðu sem átt hefur sér stað um skyldu til að greiða stimpilgjald af skjölum er varða eignayfirfærslu skipa. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013, og er þeim ætlað að vera til hagsbóta fyrir rekstrarumhverfi skipa á Íslandi.


Athugasemdir Sjómannasambands Íslands og VM félags vélstjóra og málmæknimanna við greinargerðinni

Sjómannasamband Íslands og VM - félag vélstjóra og málmæknimanna geta ekki undir neinum kringumstæðum nema að einu leiti tekið undir nauðsyn þessarar lagasetningar sem fram kemur í 2. tölulið greinargerðarinnar, það er þegar skip koma í fyrsta skipti á Íslenska skipaskrá. Stimpilgjöldin hafa verið nauðsynlegur hemill til að vernda störf Íslenskra sjómanna sem taka laun eftir Íslenskum kjarasamningum. Sjómannasamband Íslands og VM - félag Vélstjóra og málmæknimanna benda á að í lang flestum tilfellum eru Íslenskir sjómenn fjölskyldumenn sem eiga lífsviðurværi sitt undir öruggu rekstrarumhverfi þeirra skipa sem eru þeirra starfsvettvangur. Með því að aflétta stimpilgjaldi er útgerðinni gert kleift að flagga skipum út og inn af Íslenskri skipaskrá að eigin geðþótta og stefna afkomu sjómanna í stórhættu. Hvergi er talað um „rekstrarumhverfi“ sjómanna eða umhyggju fyrir störfum sjómanna í frumvarpinu. Í ljósi þess sem fram kemur í „Samherjaskjölnum“ svokölluðu ætti Alþingi að fara sér afar hægt í þessum efnunum. Einnig vill Sjómannasambandið taka fram að í umsögn þess og Félags skipstjórnarmanna frá 11. október 2019 kemur fram alger andstaða við frumvarpsdrögin og hlaut það engar undirtektir, eins og þó ráða má af 5. tölulið greinargerðarinnar. Því er hér með mótmælt að Sjómannasamband Íslands hafi tekið með jákvæðum hætti undir frumvarpsdrögin og vísar í viðkomandi umsögn. Undir það tekur VM - félag vélstjóra og málmæknimanna einnig.

F.h. Sjómannasambands Íslands


Valmundur Valmundsson formaður

F.h. VM - félags vélstjóra og málmæknimanna


Halldór Arnar Guðmundsson forstöðum.